



Reykjavík, 5. apríl 2024

MSS24020143

Skóla- og frístundaráð

Afgreiðslubríf: Tillaga um að tryggja fjármagn til Hinsegin félagsmiðstöðvar

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Snæjar Humadóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Greinargerð:

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er mikilvægt vegna þess að hún er staður þar sem ungmenni fá að kynnst öðrum eins og þeim og tengjast. Það er mikilvægt að þekkja einhvern eins og mann sjálfan til að finna ekki fyrir einmanaleika eins og mörg upplifa og þangað koma margir krakkar í hverri viku. Það þarf þess vegna að gera Hinsegin félagsmiðstöðina að fastri félagsmiðstöð en hafa hana ekki sem sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir þessa tillögu um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Þessi félagsmiðstöð hefur gengið sérlega vel og verið mjög vinsæl. Festa þarf hana í sessi til lengri tíma. Öll óvissa um framhaldið og framtíð félagsmiðstöðvarinnar er óþolandi. Samverustaður fyrir öll ungmenni er gríðarlega mikilvægur. Ungmennin þurfa að geta komið saman á öruggum stað til þess að kynnst og tengjast. Eins og segir í greinargerð með tillögunni er „mikilvægt að þekkja einhvern eins og mann sjálfan til að finna ekki fyrir einmanaleika eins og mörg upplifa og þangað koma margir krakkar í hverri viku.“ Fulltrúi Flokks fólksins vill að börn og ungmenni verði sett í meiri forgang þegar kemur að þjónustu við þau en gert hefur verið á þessu og síðasta kjörtímabili.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.



Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík